

Stjórnarfundur í félagi landnema í Fellsmörk, miðvikudaginn 10. október kl. 20–22 á Hæðargarði 34.

Mættir voru: Einar Ragnar Sigurðsson, formaður, Valdimar Reynisson, Guðrún S. Ólafsdóttir, gjaldkeri og Einar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Hallur Björgvinson. Jóhanna Ólafsdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Skipun ritara og gjaldkera og tíðni funda komandi vetur.

Guðrún féllst á að gegna stöðu gjaldkera áfram. Tryggvi samþykkti að taka að sér ritrastarfið. Staðfesti stjórnin þessa tilögun. Ákveðið var að halda fundi reglulega en því frestað að ákveða hversu títt þeir verði þar til fyrir liggur hvernig samráðsferlið með Skógræktarfélagi Reykjavíkur (SR) gengur fyrir sig. Ákveðið var að formaður boðaði næsta fund í nóvember. Lagði hann til að Hallur sæti stjórnarfund. Hallur tók vel í það og samþykkti stjórnin það.

2. Áherslumál vetrarins vegna breytts eignarhalds á Fellsmörk, samráðsvettvangur með SR til að móta framtíð Fellsmerkur og vinna við að samræma samninga landnema við SR

Fram kom hjá Halli að stjórn SR hafi tekið vel í erindi Félags landnema í Fellsmörk þar sem boðið var samráð við að móta framtíð Fellsmerkur. Hefur stjórn SR valið þrjá menn ásamt framkvæmdastjóra félagsins til að setja sig inn í málefni Fellsmerkur. Væntanleg verða þeir eða einhver þeirra fulltrúar SR í samráðinu. Stjórnin samþykkti að fela formanni og Valdimar að leiða viðræður við SR fyrir hönd Félags landnema í Fellsmörk. Formaður mun tilkynna stjórn SR þessa skipan og óska eftir fundi. Til að undirbúa viðræðurnar mun viðræðunefndin m.a. gera samantekt á félögum, leigðum skikum og heildarupphæð árlegs leigugjalds ásamt því að kortleggja alla landnemasamninga og taka saman atriði sem þurfa að vera í nýjum samningum. Ennfremur að komast að því hverjar fyrirætlanir SR séu varðandi Fellsmörk.

3. Staða mála á vegum, girðingum og öðru slíku sem þarf að koma í farveg fyrir næsta sumar.

Formaður mun grennslast fyrir um hvað SR hugsar sér varðandi viðhald vega og girðinga og koma því á framfæri hvað félag landnema telur vera nauðsynlegt í þeim efnum. Stefnt er að því að þetta verði komið á hreint fyrir vorið.

4. Önnur mál

Rætt var um félagatal Félags landnema og hvort ekki kynnu að vera landnemar sem væru að greiða leigugjald til SR en ekki félagsgjald og væru því ekki á félagatalinu. Ákveðið var að óska eftir upplýsingum hjá SR um þá sem greiða leigu og bera saman við það hverjir eru í Félagi landnema.

Tryggvi Þórðarson